



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# BRAHMS OG BJARNI FRÍMANN

16. MAÍ  
2019

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd verka:

España: 6'

Konsert: 34'

Sinfónía: 34'

Hátíðarforleikur: 10'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Bjarni Frímann Bjarnason aðstoðarhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands hleypur í skarðið fyrir Yan Pascal Tortelier, aðalstjórnanda hljómssveitarinnar, en hann þurfti því miður að aflýsa komu sinni vegna veikinda.

Upptökur með Sinfóníuhljómssveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómssveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

Icelandair Hotels



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# BRAHMS OG BJARNI FRÍMANN

---

**Bjarni Frímann Bjarnason**  
hljómsveitarstjóri

**Ari Þór Vilhjálmsson**  
einleikari

**Sigurgeir Agnarsson**  
einleikari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Emmanuel Chabrier  
**España** (1883)

Johannes Brahms  
**Konsert fyrir fiðlu og selló, op. 102** (1887)  
Allegro  
Andante  
Vivace non troppo

**Hlé**

Louise Farrenc  
**Sinfónía nr. 3 í g-moll, op. 36** (1847)  
Adagio - Allegro  
Adagio cantabile  
Scherzo - Vivace  
Finale: Allegro

Johannes Brahms  
**Akademískur hátíðarforleikur, op. 80** (1880)

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)

---



---

# BJARNI FRÍMANN BJARNASON

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**B**jarni Frímann Bjarnason stjórnar nú í annað sinn áskriftar-tónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann var ráðinn aðstoðarhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar haustið 2018 og hefur stýrt henni við ýmis tækifæri.

Bjarni Frímann stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í einleikarakeppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék í framhaldinu víóluconsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Síðan stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann hefur stjórnað mörgum af fremstu hljómsveitum á Íslandi, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Þá hefur hann samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði hérlendis og erlendis. Bjarni Frímann hefur seinni ár komið víða fram sem píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður m.a. í Berlínarfílharmóníunni og Konzerthaus í Vínarborg.

Árið 2012 vann Bjarni Frímann fyrstu verðlaun í Hanns Eisler keppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Sama ár stjórnaði hann flutningi á óperunni *UR* eftir Önnu Þorvaldsdóttur við óperuna í Osló, í Chur og Basel og á Listahátíð í Reykjavík. Árið 2016–2017 stjórnaði Bjarni Frímann hljómsveitartónleikum með Björk Guðmundsdóttur í Mexíkóborg, Fílharmóníunni í Los Angeles og í Hörpu. Hann tók við stöðu tónlistarstjóra Íslensku óperunnar í janúar 2018 og hefur stjórnað uppfærslum hennar á *Toscu*, *Hans* og *Grétu* og *La traviata*.



---

# ARI ÞÓR VILHJÁLMSOON

## EINLEIKARI

**A**ri Þór Vilhjálmsson er fastráðinn sem leiðari 2. fiðlu Fílharmóníusveitarinnar í Helsinki. Um þessar mundir er hann í ársleyfi frá hljómsveitinni og starfar sem leiðari 2. fiðlu í Fílharmóníusveit Ísraels í Tel Aviv.

Ari fæddist í Reykjavík árið 1981 og starfaði um árabíl við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur einnig verið gestakonsertmeistari við fílharmóníusveitirnar í Helsinki og Stokkhólmi og Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Í desember síðastliðnum var Ari einleikari í fiðlukonsert Jaakko Kuusisto með hljómsveitinni sinni í Helsinki en þetta er í átunda sinn sem hann kemur fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur verið mjög virkur í íslensku tónlistarlífi og leikið á fjölda einleiks- og kammertónleika. Undanfarin ár hefur hann spilað árlega á Reykholtshátíð og á tónleikaröðum Kammermúsikklúbbsins og Reykjavík Classics.

Á árunum 2008–2014 kenndi Ari við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Margir af fyrirverandi nemendum hans stunda nú nám við erlenda tónlistarháskóla. Ari er einn af stofnendum og jafnframt framkvæmdastjóri Alþjóðlegu tónlistarakademiunnar í Hörpu sem heldur námskeið fyrir tónlistarnema á hverju sumri. Hann hefur kennt í afleysingum við Sibeliusarakademiuna og sinnir áfram nemendum í Helsinki með fjarkennslu.

Ari hóf að læra á fiðlu 5 ára gamall samkvæmt Suzuki-aðferðinni. Hann nam við Suzukitónlistarskólann í Reykjavík, Tónlistarskólann í Reykjavík, University of Illinois, New England Conservatory og Northwestern University. Helstu kennarar hans voru Mary Campbell, Guðný Guðmundsdóttir, Rachel Barton, Sigurbjörn Bernharðsson og hjónin Almita og Roland Vamos.

Ari spilar á eigin fiðlu sem smíðuð var af Jean-Baptiste Villaume í París árið 1830.



---

# SIGURGEIR AGNARSSON

## EINLEIKARI

**S**igurgeir Agnarsson var skipaður í stöðu leiðara sellódeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2017 en þá hafði hann gegnt stöðu uppfærslumanns frá árinu 2003. Auk starfa sinna fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur Sigurgeir verið virkur í íslensku tónlistarlífi sem flytjandi, kennari og skipuleggjandi ýmissa tónlistarviðburða.

Sigurgeir hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands í sellókonertum eftir Schumann, Haydn (C- og  
D-dúr) og í þríkonertinum eftir Beethoven. Auk þess hefur  
hann leikið einleik með Kammersveit Reykjavíkur, Blásara-  
sveit Reykjavíkur og Bochumer Symphoniker. Sigurgeir hefur  
komið fram á ýmsum tónlistarhátíðum bæði heima og erlendis,  
m.a. Listahátíð í Reykjavík, Reykjavík Midsummer Music og  
Oulunsalo-hátíðinni í Finnlandi. Sigurgeir var tilnefndur sem  
flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2014  
ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur fyrir heildarflutning á  
verkum Beethovens fyrir selló og píanó á þrennum tónleikum á  
Listahátíð í Reykjavík sama ár.

Sigurgeir hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík (nú  
Menntaskóla í tónlist) frá árinu 2003. Hann er einn af stofn-  
endum Alþjóðlegu tónlistarakadémiunnar í Hörpu og situr í  
stjórn akademíunnar. Þá hefur hann jafnframt verið listrænn  
stjórnandi Reykholtshátíðar allt frá árinu 2013.

Sigurgeir hóf nám á selló hjá Gunnari Kvaran við Tónlistarskóla  
Garðabæjar árið 1984, þá átta ára gamall. Hann lauk einleik-  
araprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1995 og hélt til  
frekara náms við New England Conservatory of Music í Boston  
og síðar við Robert Schumann-tónlistarháskólann í Düsseldorf.

Sigurgeir hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa fyrir Sinfóníuhljóm-  
sveit Íslands sem og Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar  
Íslands. Sigurgeir sat um margra ára skeið í stjórn Hjólréiðasam-  
bands Íslands og var árið 2018 gerður að heiðursfélaga sam-  
bandsins fyrir störf sín í þágu hjólréiðaíþróttarinnar.



# EMMANUEL CHABRIER

## ESPAÑA

**A**lexis-Emmanuel Chabrier (1841–1894) fæddist í bænum Ambert í Auvergne-héraði í Mið-Frakklandi. Hann hóf tónlistarnám sex ára gamall og fljótlega var foreldrunum bent á óvenju mikla hæfileika drengsins. En faðirinn sem var lögfræðingur var ákveðinn í að sonurinn skyldi feta í fótspor sín. Flutti fjölskyldan til Parísar þar sem Chabrier hóf laganám en hélt jafnhliða áfram námi í tónsmíðum, fiðlu- og píanóleik. Tvítugur að aldri lauk hann lögfræðiprófi og starfaði næstu níttján árin í innanríkisráðuneyti Frakklands. Chabrier naut virðingar í ráðuneytinu en ástríða hans var tónlist, samtíma-bókmenntir og myndlist.

Eins og mörg frönsk tónskáld á þessum tíma var Chabrier mikill áhugamaður um tónlist Wagners. Hafði hann sem ungur maður afritað alla raddskrána af óperu Wagners *Tannhäuser* í því skyni að öðlast innsýn inn í sköpunarferli verksins. Í marsmánuði 1880 urðu þáttaskil í lífi Chabriers þegar hann ásamt nokkrum vinum sá óperu Wagners *Tristan og Isolde* í München. Tónskáldið Vincent d'Indy sem var í hópnum sagði síðar að Chabrier hefði tárast undir tónlistinni og sagt eftir forleikinn: „Ég er búinn að biða í tíu ár eftir að heyra þetta A í sellóunum“. Stuttu síðar yfirgaf Chabrier ráðuneytið og helgaði sig tónlistinni upp frá því.

Chabrier ferðaðist til Spánar árið 1882 ásamt eiginkonu sinni Anninu og fékk þar innblástur að sínu langþekktasta verki *España*. Af bréfum hans (Chabrier skildi eftir sig á annað þúsund bréf) má ráða að það sem heillaði hann mest fyrir utan tónlistina sem hann heyrði á kaffihúsum og torgum, var kynþokki spánskra dansara. Verkið samdi hann upphaflega fyrir píanó en magnaði það skömmu síðar upp í rapsódíu fyrir hljómsveit og er útfærsla hans hin glæsilegasta.

Verkalisti Chabriers er að vonum ekki langur en hann inniheldur nokkur hljómsveitarverk, píanóverk, sönglög, tvær óperettur, eina óperu og aðra ófullgerða. Sem safnari skildi Chabrier eftir sig stórt safn málverka þá óþekktara samtímamanna sinna á borð við Cézanne, Manet, Monet og Renoir að ógleymdum bókum Verlaines og annarra merkra rithöfundu.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

España heyrðist fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Akranesi 4. október 1967 og aftur í Hlégarði, Mosfellssveit nokkrum vikum síðar. Stjórnandi í bæði skiptin var Bohdan Wodiczko. Í september 1994 hljómaði verkið síðan tvisvar sinnum í Háskólabíói undir stjórn Ricos Saccani. Í sama mánuði þremur árum síðar var España síðan aftur á efnisskrá hljómsveitarinnar og nú í þriggung í meðföllum hinnar kanadísku Kerilynn Wilson. Í apríl 1999 stjórnaði Bernharður Wilkinson verkinu en síðast heyrðist það haustið 2003 en þá hélt Rumon Gamba um tónsprotann.



# JOHANNES BRAHMS

## KONSERT FYRIR FIDLU OG SELLÓ

Johannes Brahms (1833–1897) og ungverski fiðluleikarinn og tónskáldið Joseph Joachim (1831–1907) kynntust í Hannover 1853 og bundust strax nánnum vináttuböndum. Brahms skrifaði nær öll fiðluleik sín fyrir Joachim og sótti til hans tæknilegar ráðleggingar. Léku þeir saman á fjölmörgum tónleikum og bjuggu um tíma undir sama þaki. Joachim giftist alt-söngkonunni Amalie Schneeweiss árið 1863 og eignuðust þau sex börn. Þegar hjónin skildu sautján árum síðar tók Brahms málstað Amalie en ástæða skilnaðarins var afbrýðisemi eiginmannsins og sú ákvörðun Amalie að láta hjónaband og barneignir ekki hafa áhrif á listferil sinn. Olli afstaða Brahms vinslitum milli hans og Joachims. Töluðust þeir ekki við í nokkur ár en Joachim hélt þó áfram að leika verk Brahms.

Brahms kynntist sellóleikaranum Robert Hausmann á tónleikum í Berlín árið 1872 þar sem Hausmann flutti fyrstu sellósónötu Brahms. Tileinkaði Brahms Hausmann aðra sellósónötuna op. 99 og frumfluttu þeir hana haustið 1886. Í framhaldinu bað Hausmann tónskáldið um að semja fyrir sig sellókonsert. En sættir við Joachim voru Brahms ofarlega í huga og ákvað hann að rétta fram sáttarhönd með því að bæta fiðlurödd við verkið. Skipulagði Brahms fyrstu æfingar á konsertinum heima hjá sameiginlegri vinkonu þeirra Clöru Schumann og 21. september 1887 ritar hún í dagbók sína eftirfarandi: „Þessi konsert er að vissu leyti sáttaverk - Joachim og Brahms talast nú við í fyrsta sinn í mörg ár.“

Í tvíkonsertinum gefur að heyra tilvísanir í vináttu þeirra Brahms og Joachims. Þannig hljómar óbein ívitnun í a-moll fiðlukonsert Giovannis Battista Viotti sem var eitt af eftirlætisverkum Joachims. Þá heyrast tónaröðin f-a-e sem vísar í lífsmottó Josephs Joachim „frei aber einsam“ - „frjáls en einmana“ enda notaði hann hendinguna oft í eigin verkum. Þá er tíður einradda leikur einleikshljóðfæranna og tilvitnun í frægasta verk Joachims, *Konsert í ungverskum stíl*, dæmi um einlægan sáttavilja Johannesar Brahms.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var bandaríski hljómsveitarstjórinn og organistinn William Strickland sem stjórnaði fyrsta flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tvíkonserti Brahms á tónleikum í Háskólabíói í apríl 1963. Einleikarar voru Björn Ólafsson og Einar Vigfússon. Tvíkonsertinn hefur síðan þá hljómað átta sinnum í meðförum hljómsveitarinnar, síðast í Hörpu í september 2016. Á þeim tónleikum fóru systkinin Christian og Tanja Tetzlaff með einleikshlutverkin en Osmo Vänskä stjórnaði flutningnum. Itzhak Perlman og Lynn Harell fluttu konsertinn með hljómsveitinni í Laugardalshöll á Listahátíð 1976 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy og er sá flutningur sérlega eftirminnilegur.





# LOUISE FARRENC

## SINFÓNÍA NR. 3

**P**að að hasla sér völl á tónlistarsviðinu var konum á 19. öldinni þyrnum stráður vegur.

Vissulega þótti sómi af færni kvenna í hljóðfæraleik svo fram- arlega sem þær iðkuðu list sína einungis innan veggja heimilis- ins. Óperuflutningur kallaði á eftirspurn eftir söngkonum en hjónaband þýddi sjálfkrafa brotthvarf þeirra af óperusviðinu. Þegar kom að tónsköpun kvenna var trúin á hæfileika þeirra til slíkra verka nánast engin. Það þurfti því sterkan persónuleika og áræðni í bland við heppilegar ytri aðstæður til þess að sigrast á þessum hindrunum.

Allt þetta hafði Louise Farrenc (1804–1875). Fjölskylda hennar, Durmont-fjölskyldan var mikilsmetin í listheiminum en hún státaði af frægum listmálurum og myndhöggvurum allt aftur á ofanverða 17. öld. Listhæfileikar Louise komu snemma í ljós og stundaði hún píanónám hjá Anton Reicha sem var kennari við Konservatóríið í París. Kom hún reglulega fram á einkatón- leikum og opinberum tónleikum í Sorbonne-listmannahverfinu þar sem fjölskyldan bjó. Þar kynntist hún flautuleikaranum Aristide Farrenc sem hún giftist síðan sautján ára gömul og eign- aðist í honum traustan stuðningsmann og vin.

Louise Farrenc ákvað snemma að einbeita sér að tónsmíðum og kennslu í stað þess að helga tónlistarferðalögum krafta sína. Hún hélt þó áfram að koma opinberlega fram sem píanóleikari í París og árið 1842 var hún fyrst kvenna skipuð í stöðu píanó- kennara við Konservatóríið í París þar sem hún kenndi í 30 ár.

Flest fyrri verka Louise Farrenc eru fyrir píanó en eftir 1840 fer hún að semja kammer- og hljómsveitarverk. Þar á meðal eru sónötur, píanótrío, píanókvintettar og tveir hljómsveitarforleikir (sem á næstu árum voru fluttir í París, Brussel og Kaupmanna- höfn) og sínfóniurnar þrjár. Þriðja sínfónían, sámin 1847, var frumflutt á tónleikum Sociéte des Concerts du Conservatoire í apríl 1849 og hlaut lofsamlega dóma þrátt fyrir ójafna samkeppni við hitt verkið á efnisskránni sem var 5. sínfónía Beethovens.

Þriðja sínfónía Louies Farrenc er í alla staði glæsileg og heillandi tónsmíð sem vonandi hlýtur þann sess sem hún á skilið á verk- efnalistum sínfóníuhljómsveita.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verk eftir Louise Farrenc heyr- ist nú í fyrsta sinn á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands. Verk kvenkyns tónskálda hafa í gegnum tíðina átt undir högg að sækja og verið sjaldséð á tónleika- skráum hljómsveita um víða veröld. Það er því mikið gleðiefni að heyra glæsilega sínfóníu hinnar frönsku Louise Farrenc í kvöld og eiga von á kynnum við tónverk annarra afburða kvenkyns tónskálda á næsta starfsári Sínfóníuhljóm- sveitar allra landsmanna.



# JOHANNES BRAHMS

## AKADEMÍSKUR HÁTÍÐARFORLEIKUR

Johannes Brahms (1833–1897) samdi verkin tvö sem flutt verða á tónleikum kvöldsins með sjö ára millibili. Á þeim árum skrifaði hann nokkur kammerverk sem og fjölmörg einsöngs- og kórlög en einnig sín síðustu hljómsveitarverk. Á eftir *Akademíska hátíðarforleiknum* (1880) kom *Sorgarforleikurinn* (*Tragische Ouvertüre*), *Sorgarljóð* fyrir kór og hljómsveit, annar píanókonsertinn, *Örlagaljóð* fyrir kór og hljómsveit, þriðja og fjórða sinfónían og loks konsertinn fyrir fiðlu, selló og hljómsveit (1887).

Árið 1880 ákvað yfirstjórn Háskólans í Breslau (í dag Háskólinn í Wrocław í Póllandi) að heiðra Johannes Brahms með heiðursdoktorsnafnbót. Brahms hugðist rita þakkarbréf til háskólans en hljómsveitarstjórinn Bernard Scholz sem átti frumkvæðið að tilnefningunni benti honum á að ætlast væri til að hann þakkaði fyrir sig með tónverki: ... „skrifaðu góða sinfóníu fyrir okkur, vel útfærða en ekki of þykka“. Vel má ímynda sér stríðnisglampann sem kom í augu tónskáldsins við þessi skilaboð en í framhaldinu tók hann að sanka að sér þekktum stúdenta- og drykkju-söngvum sem hann útsetti og raðaði saman í syrpu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék Akademíska hátíðarforleikinn eða Háskólaforleikinn eftir Brahms fyrst í Austurbæjarbíói 21. maí 1957 og næst í Akureyrarkirkju tíu dögum síðar. Stjórnandi var bandaríski hljómsveitarstjórinn Thor Johnson. Síðan þá hefur verið hljómað sex sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar, síðast í Háskólabíói í nóvember 2004. Hljómsveitarstjóri var þáverandi aðalstjórnandi Sinfóníunnar, Rumon Gamba.

Eftir stuttan inngang kynna trompetarnir *Wir bauten ein stattliches Haus* (*Við byggðum veglegt hús*). Strengirnir syngja því næst *Der Landesvater* (*Landsfaðirinn*) og þar á eftir spila fagottin *Was kommt da von der Höh?* (*Hvað kemur þarna aðvifandi?*) sem er eins konar busasöngur. Úr þessu efni vinnur tónskáldið áður en öll hljómsveitin sameinast í þekktasta laginu *Gaudeamus igitur*. Í forleiknum gefur að heyra kímniáfáfu Brahms og glæsilegan hljómsveitarrihátt hans en sjálfur lýsti hann verkinu sem gáskafullri blöndu af stúdentasöngvum.

*Akademíska hátíðarforleikurinn* var frumfluttur við sérstaka athöfn Háskólans í Breslau 4. janúar 1881. Brahms stjórnaði sjálfur flutningnum og tók við doktorsnafnbótinni. Ekki munu allir viðstaddir hafa verið sáttir við tónverkið enda settu léttúðugir stúdentasöngvarnir mark sitt á hátíðleika hinnar akademísku samkomu.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

16. MAÍ 2019

## 1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Laufey Jensdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Andrzej Kleina  
Pascal La Rosa  
Laura Liu  
Justyna Bidler  
Margrét Kristjánsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir

## 2. FÍÐLA

Peter Andreas Nielsen  
Gunnhildur Daðadóttir  
Roland Hartwell  
Christian Diethard  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Þórdís Stross  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Gregory Aronovich  
Þórarinn Már Baldursson  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Lucja Koczot  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir

## SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Helga Ágústsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Júlía Mogensen

## BASSI

Xun Yang  
Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Jacek Karwan  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Sandra Simón Monje

## KLARÍNETT

Ár Gunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason

## FAGOTT

Juan B. Ruiz Bandoux  
Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Frank Hammarin

## TROMPET

Kasper Knudsen  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Vilhjálmur Sigurðarson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Aoi Koya

## HARPA

Elísabet Waage  
Gunnhildur Einarsdóttir

## PÁKUR

Soraya Nayyar

## SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi og aðalgeststjórnandi*  
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

23. MAÍ 19:30

# THIBAUDET OG BEETHOVEN

Osmo Vänskä hljómssveitarstjóri

Jean-Yves Thibaudet einleikari

Kajja Saariaho  
Ciel d'hiver (Vetrarhiminn)

James MacMillan  
Píanókonert nr. 3,  
„Leyndardómar ljóssins“

Ludwig van Beethoven  
Sinfónía nr. 3, „Hetjuhljómkviðan“

Tónleikakynning kl. 18:00

Franski píanistinn Jean-Yves Thibaudet hefur um áratuga skeið verið einn sá fremsti á heimsvísu. Hljóðritanir hans hafa selst í metupplögum og hann hefur haldið tónleika með stjórnlustamönnum á borð við Joshua Bell, Renée Fleming og Cecíliu Bartólj. Árið 2011 frumflutti Thibaudet píanókonert nr. 3 eftir skoska tónskáldið James MacMillan, litríkt og stórbrotið verk innblásið af aldagömlum kirkjusöng og trúarsíðum kapólskra. Tónlist MacMillans er sérlega litrík og eftir frumflutninginn skrifaði einn gagnrýnandi að verkið væri „yfirflæðandi af litum og áhugaverðum augnablikum“. Það er sannarlega tilhlökkunarrefni að Thibaudet skuli flytja þetta verk á Íslandi og að samverkamaður hans hér sé einmitt Osmo Vänskä, sem einnig stýrði frumflutningnum.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI** SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:  
GAMMA